



Upplýsingaöryggisstefna SHS

Inngangur

SHS fylgir eftirfarandi stefnu í öryggismálum. Upplýsingaöryggisstefnan styðst við staðalinn ÍST ISO/IEC 27001:2023 Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur. Hann er grundvöllur aðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.

Upplýsingaöryggisstefna SHS

1. SHS skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga í vörslu stofnunarinnar með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. SHS fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum um stjórnun upplýsingaöryggis, sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og upplýsingakerfa.
3. Stefna SHS í öryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar og nær til allra sem veita henni þjónustu.
4. Allir starfsmenn og þjónustuaðilar SHS eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar og upplýsingakerfi gegn óheimiliðum aðgangi, óheimilli notkun, óheimilum breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi og flutningi.
5. SHS stuðlar að virkri öryggisvitund notenda, þjónustuaðila og gesta.
6. SHS stuðlar að því að öllum þáttum upplýsingaöryggisstefnunnar sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
7. SHS framkvæmir reglulega áhættumat til að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf.
8. Árlega skal gera skýrslu um framkvæmd og virkni upplýsingaöryggisstefnu SHS.
9. Starfsmönnum SHS og þjónustuaðilum stofnunarinnar, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál SHS, aðra starfsmenn eða skjólstæðinga.
10. Tryggt skal að upplýsingaöryggisstefnan sé virk og hún endurskoðuð þegar tilefni er til, að lágmarki á tveggja ára fresti.

Ábyrgð og hlutverk

- Stjórn SHS setur upplýsingaöryggisstefnu SHS.
- Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á endurskoðun, þróun og viðhaldi hennar.
- Stjórnendur koma að mótun stefnunnar og bera ábyrgð á framkvæmd hennar gagnvart slökkviliðsstjóra.
- Upplýsingaöryggisnefnd SHS hefur eftirlit með rýni og fylgni við stefnuna og staðfestir í því skyni að henni sé fylgt, ásamt samþykktu verklagi hennar.

Gildistaka og endurskoðun upplýsingaöryggisstefnu SHS

Upplýsingaöryggisstefna SHS tekur gildi við undirritun hennar. Hún skal endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

Reykjavík, 6. október 2023

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Dagur B. Eggertsson, formaður.

Undirritunarsíða

f.h. stjórnar SHS
Dagur B Eggertsson